



ÍÞRÓTTIR

BLAK FYRIR FIMA KRAKKA OG FÚSA Í AFTURELDINGU

MENNING

Stilluppsteypa kemur aftur saman

Leikhúsin í landinu >> 57

STOFNAD 1913
278. tölublað
96. árgangur
Landsprent ehf.

Morgunblaðið

MBL.IS
Morgunblaðið
hvar sem er
hvenær sem er

LAUGARDAGUR 11. OKTÓBER 2008

icesave
ART OF LANDSBANKI. REYKJAVIK. ICELAND

Vilja kaupa Icesave

EINN af stóru alþjóðlegu bönkunum hefur mikinn áhuga á að kaupa Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og hafa þreifingar átt sér stað í þá veru við skilanevnd bankans. Þetta staðfesti háttsettur stjórnandi hjá Landsbankanum við Morgunblaðið í gærkvöldi.

Fortis-bankinn í Hollandi, sem hollensk stjórnvöld þjóðnýttu fyrir viku, hefur lýst áhuga á að yfirtaka Icesave-reikninga Landsbankans þar í landi. Blaðið *Het Patrool* hefur í gær eftir Jan van Rutte, forstjóra bankans, að tækifæri til að taka yfir slíka innlánsreikninga gefist ekki oft. „Ef tækifærið býðst þá munum við að sjálfsgöðu skoða það vel,“ sagði hann. thorbjorn@mbl.is, gummi@mbl.is

Sjóðir stéttarfélaganna tapa háum fjárhæðum

■ LJÓST er að sjóðir stéttarféлага, eins og orlofsjóðir, fræðslusjóðir og verkfallssjóðir, sem geymt hafa fjármuni á peningamarkaðssjóðum og öðrum sjóðsreikningum, tapa háum fjárhæðum í bankakreppunni. Um hundruð milljóna króna getur verið að ræða, ekki síst í sjóðum á vegum VR. Eftir sem áður eru eignir sjóðanna miklar og þjónusta þeirra hefur ekki skerast. Stærstur hluti eignanna er talinn tryggur á bankareikningum. » 15

Leigð án leyfis eiganda

■ New York. AP. | Fjölskylda í New York taldi sig hafa fundið leigusbúð með mjög hagstæðum kjörum – þar til eigandi hennar birtist og spurði hvað fólkíð væri að gera í húsinu hans. Karlmaður var síðan handtekinn fyrir að þykjast vera fasteignasali og leigja íbúðina á 1.000 dollara á mánuði. Fjölskyldan hafði búið í húsinu í tvær vikur þegar eigandinn birtist. Lögreglan sagði að húsið hefði verið tóm og eigandinn ætlað að selja það.

IMF tilbúinn að lána fé

- Skilyrði að deilum við Bretland og Holland sé komið í farveg
- Viðræður við Holland í gærkvöldi og Bretland í dag

STJÓRNENDUR Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) hafa komið því á framfæri við íslensk stjórnvöld, samkvæmt heimildum Morgunblaðsins, að sjóðurinn sé reiðubúinn að veita Íslandi lán, verði deilum við Holland og Bretland vegna Icesave-reikninganna komið í farveg.

Hollensk sendinevnd kom til landsins í gær og hóf viðræður við íslensk stjórnvöld í utanríkisráðuneytinu. Fundinum var ekki lokið er Morgunblaðið fór í prentun, en samkvæmt upplýsingum blaðsins var ágætur andi í viðræðunum.

Viðræður við bresku sendinevndina hefjast klukkan níu í dag.

Skoða skilyrði fyrir aðstoð

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á blaðamannafundi í gær að athuga þyrfti skilyrði IMF fyrir að veita Íslandi aðstoð; á hvaða kjörum lán fengist og með hvaða skilmálum. „Þegar það liggur fyrir gerum við upp okkar hug,“ sagði Geir.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur þegar gert drög að áætlunum um aðstoð við ríki, sem hafa orðið illa

úti í fjármálakreppunni. Dominique Strauss-Kahn, forstjóri sjóðsins, sagði í gær að sjóðurinn hefði 200 milljarða dollara til ráðstöfunar til að hjálpa ríkjum í lausafjávanda. Lán úr þessum sjóði gætu fengist innan hálf mánaðar.

Geta aðstoðað rík lönd

Strauss-Kahn sagði að sjóðurinn væri „reiðubúinn að svara sérhverri kröfu frá ríki í vanda“, hvort sem landið væri fátækt eða ríkt.

■ Lán hjá IMF | 14

Japanar vilja lána Íslandi

TARO Aso, forsætisráðherra Japans, lagði til á fundi sjö helstu iðnríkja heims í gær að Íslandi yrði komið til aðstoðar í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Shoichi Nakagawa, fjármálaráðherra Japans, sagði að Japanar væru reiðubúnir að taka forystu um að styðja lönd með því að útvega fé, að sögn Reuters. Þá sagði Shigeo Katsu, einn framkvæmdastjóra Alþjóðabankans, að vildu Rússar lána Íslandi, ættu þeir að gera það í samstarfi við IMF.

Fjöldagjöf mjólkandi mæðra



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

MJÓLKANDI mæður gáfu saman brjóst á Amtsbókasafninu á Akureyri og á Kaffitári í Reykjavík í gær í tilefni alþjóðlegrar brjóstagjafaviku. Þannig

vildu þær vekja athygli á mikilvægi brjóstagjafar. Á Amtsbókasafninu stendur nú yfir ljósmyndasýningin *Drekkutími* með myndum af börnum á brjósti.

LESBÓK



Í draumi sérhvers manns er fall ...

Hundrað ár eru liðin frá fæðingu Steins Steinars á mánudaginn. Lesbók minnst skálds hinna brostnu drauma með því að fá skáld og fræðimenn til að rýna í ljóð hans og líf.



Hvað þýðir þetta hróp ó, nei!!!

Kristján B. Jónasson segir að ó, nei! þýði að enginn þori að horfast í augu við að bankarnir voru vonarstjórnur þjóðríkisins og að þeir gerðu það sem bankar gera, lána fé.



Fuck Buttons koma á Airwaves eftir helgi

Breska tvíeykið Fuck Buttons býr ekki aðeins yfir flottasta hljómsveitarnafni samtímans, að mati Arnars Eggerts Thoroddsens, tónlistin er ekkert slor heldur. Hann kynnir sveitina fyrir lesendum.

opið í dag 11 - 15

ACE stóllinn

...hafðu það notalegt

exó